



Þýska – 1B05

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Bernd Hammerschmidt

Netfang/netföng:

bernd.hammerschmidt@borgo.is

Lýsing:

Unnið að aukinni færni nemandans í hlustun, tali, lestri og ritun, jákvæðni gagnvart faginu og trú á eigin getu. Jafnhliða nýju efni eru orðaforði og málfræðiatríði, sem komið hafa fram í undanfaranum, rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er lögð sérstök áhersla á samtalsæfingar í para og/eða hópvinnu. Viðfangsefnin eru m.a. tengd daglegu lífi, atvinnu, ferðalögum, fríi og liðnum atburðum. Veruleg áhersla er á aukinn orðaforða, málfræði og málskilning. Nemendur eru þjáfaðir í tali og ritun í tengslum við námsefnið. Haldið er áfram að flétta inn í kennsluna upplýsingum um staðhætti, menningu og samskiptavenjur í þýskumælandi löndum. Áfanginn er á færniþrepi A1 skv. Evrópska tungumálarammanum.

Þekking, leikni, hæfni:

að nemendur ...

... skilji talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og geti fylgt einföldum munnlegum fyrirmælum

... hafi aukið orðaforða sinn og geti smám saman lesið lengri og þyngri texta sem innihalda algengan orðaforða og unnið úr þeim á mismunandi hátt

... geti tekið þátt í einföldum samræðum um efni sem þeir þekkja og aflað sér einfaldra hagnýtra upplýsinga

... geti sagt í nútíð og liðinni tíð einfalda sögu og lýst atburðum og reynslu í stuttu máli, bæði munnlega og skriflega

... hafi bætt við sig málfræðikunnáttu og færni í að beita henni

... hafi fræðst enn frekar um þýskumælandi lönd og þjóðir, lífnaðarhætti þeirra og samskiptavenjur

... hafi tileinkað sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð bæði í einstaklings- og hópvinnu svo og viðeigandi námstækni, m.a. glósutækni, notkun málfræði- og orðabóka.

... noti þýskuna sem mest sem tjáskiptamiðil í kennslustund og haldi áfram að tileinka sér jákvætt viðhorf til þýskunámsins og trú á eigin kunnáttu í faginu.

Námsgögn:

Starten wir, Kursbuch og Arbeitsbuch – **báðar bækur ónotað frá og með kafla 5** - Nemendur eiga mæta með bækur í tíma.

Lausblaða mappa fyrir verkefni og glósur.- *nemendur mæti með möppur í tíma – setja skal verkefni þar inn í jafnóðum*



Námsmat:

50%* (3 hlutapróf – 10 / 15 / 25)

10%* Munnlegt próf

8 % Orðaforði

8 % Tímaritanir ekki hægt að skila ritunum eftir á – Stuttar ritanir með jöfnu millibili í tímum.

Geymdar í kennslustofunni. (nokkrar yfir önnina)

8 % Hlustanir (4 og 3 bestu gilda)

8 % Lesskilningur (4 og 3 bestu gilda)

8 % Munnleg verkefni (2 verkefni)

Til að standast áfangann þarf að lágmarki að fá einkunnina 4,5 í lokaeinkunn. **Skylda er að taka öll próf sem eru stjörnumerkt, en þau gilda samanlagt 60%.** Þetta er til að tryggja jafna ástundun alla önnina og að nemendur tileinki sér grunnþætti málsins og geti notað þá til að öðlast nauðsynlega færni og leikni í að beita tungumálinu. **Ekki** er hægt að vinna upp verkefni áfangans í lok annar. Óútskýrð fjarvist á prófi gefur einkunnina 0. Á prófdegi verður að vera búið að skrá veikindi eða leyfi áður en tími hefst til að eiga rétt á endurtekt

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur verða að **mæta með kennslubækur í tíma**, annars verður þeim vísað úr tíma og fá F. Öll tækjanotkun bönnuð nema kennari taki annað fram.

Nemendur eiga ekki að rápa inn og út úr kennslustund.

Nemendur með **sérþarfir** eru beðnir að tala við kennara strax í fyrsta tíma (veikindi, árekstrar, þátttaka í íþróttum, annað)

Nemendur sem fara í keppnisferðalög sem leyfi er veitt fyrir af hálfu skólans, verða að láta kennara vita **með góðum fyrirvara. Kennari má ekki gefa leyfi.**

Nemendum ber að fylgjast með tilkynningum á Innu.

Kennari mun setja upplýsingar um yfirferð / próf / verkefni inn á Innu.

ekki mæta í tíma án þess að hafa kynnt ykkur hvað verður í tímanum hverju sinni.

Mæti nemandi ekki í tíma ber hann ábyrgð á að tileinka sér efnið sem hann missti af.

Upplýsingar verður að finna undir „heimavinna“ á Innu.

Vika	Dags.	Námsþættir ATH: Lesskilningur, hlustun, ritun, orðaforði eru dreift yfir önnina (40%) og þarf að fylgjast vel með tilkynningum í Ínnu	Námsmatsþættir
1	5.-6. janúar	Einführung in den Kurs / Kynning áfangans	
2	9.-13. janúar	Upphrifjun + Lektion 5	
3	16.-20. janúar	Lektion 5	
4	23.-27. janúar	Lektion 5	
5	30. jan-3. febrúar	Upprifjun + Test 1 úr Lektion 5	1.próf (10%) *
6	6.-10. febrúar	Lektion 6	Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Lektion 6	Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	Lektion 6	Vorannahlé
9	28. febrúar-3. mars	Lektion 6	
10	6.-10. mars	Upprifjun + Test 2 úr Lektion 6	2. próf(15%) *
11	13.-17. mars	Lektion 7	
12	20.-24. mars	Lektion 7	Vörðuvika IIion
13	27.-31. mars	Lektion 7	Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Lektion 7	
16	17.-21. apríl	Lektion 7	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Upprifjun + Test 2 úr Lektion 7	3. próf(25%) *
18	1.-5. maí	Mündliche Prüfung (undirbúningur/ munnlegt próf*)	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	Mündliche Prüfung (munnlegt próf*) og fleira	
20	15.-16. maí	Frágangur	Síðasti kennsludagur/ Varða III

ATH: Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.